Hraunvallaskóli

VINÁTTA – SAMVINNA – ÁBYRGÐ

Fundargerð skólaráðs Hraunvallaskóla

Dags: 25.11. 2019. Fundur haldinn í fundarherbergi skólans frá kl. 14:30-16:00

Mættir: Lars Jóhann Imsland, Guðbjörg Norðfjörð, Arna Vilhjálmsdóttir, Margrét Hildur Ríkharðsdóttir, Helga Helgadóttir, Hugrún Helga Ketel, Arna Rut Hjartardóttir, Dröfn Sigurðardóttir, Elva Katrín Sigurðardóttir og Þorgerður Katrín Ómarsdóttir.

Dagskrá

1. **Staðfesting á skólanámskrá, starfsáætlun og viðmiðunarstundaskrá fyrir skólaárið 2019-20**
   Skólastjóri lagði fram skólanámskrá með viðmiðundarstundaskrá og starfsáætlun Hraunvallaskóla fyrir skólaárið 2019-2020. Búið er að gera nokkrar breytingar á framsetningu á báðum skjölum sem felast í því að búið er að búta þau niður í smærri einingar sem eykur læsileika skjalanna. Fulltrúar í skólaráði staðfestu með undirskrift sinni umfjöllun sína.

2. **Forvarnaráherslur í Hraunallaskóla**
   Í ljósi umræðu frá fyrri fundi um kynfræðslu í Hraunvallaskóla lagði skólastjóri fram yfirlit yfir forvarnarfræðslu í Hraunvallaskóla sem einnig má finna í starfsáætlun skólans. Að auki lagði skólastjóri fram nánara yfirlit um forvarnarfræðslu og lífsleikni sem tekið var saman á vorönn 2019. Þegar þessi yfirlit eru skoðuð má sjá að gefa þarf kynfræðslu, vímuvörnum og öryggisvörnum meira vægi í námsskránni. Fulltrúar nemenda lögðu áherslu á að dýpka þyrfti kynfræðslu og festa betur í sessi. Upp kom hugmynd hvort að hægt væri að vera með sérstakan kennara sem sæi um þessa fræðslu í skólanum og bæri ábyrgð á henni. Eins konar forvarnarfulltrúa sem myndi þá líka passa upp á aðra þætti forvarnarmála. Skólastjóri mun vinna málið áfram í samráði við skólaráð.

3. **Skólapúlsinn**
   Farið var yfir nýjustu niðurstöður í skólapúlsinum sem áfram eru jákvæðar og skólinn er marktækt yfir á nokkrum þáttum. Enginn þáttur er í mínus sem sérstaklega ánægjulegt.

4. **Lýðræðisráð**
   Skólastjóri fór yfir mögulegt fyrirkomulag á lýðræðisráði fyrir nemendur í Hraunvallaskóla. Markmið þess er að gefa nemendum rödd í skólastarfinu og að þeir læri að koma fram og færa rök fyrir máli sínu. Læri vinnubrögð í nefndum og lýðræðisleg vinnubrögð svo eitthvað sé nefnt. Skólaráð var jákvætt fyrir þessu verkefni en taldi að undirbúa þyrfti það vel eigi það að ganga upp. Skólastjóri mun taka upp þráðinn seinna í vetur hvað þetta varðar.

Fundargerð ritaði Lars Jóhann Imsland